

REGLUGERÐ

um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/160 um samræmda lágmarkstíðni tiltekings opinbers eftirlits til að staðfesta að farið sé að dýraheilbrigðiskröfum Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1082/2003 og (EB) nr. 1505/2006.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. kafla I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinnar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar skal eftirtalin ESB-gerð taka gildi hér á landi:

- Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/160 frá 4. febrúar 2022 um samræmda lágmarkstíðni tiltekings opinbers eftirlits til að staðfesta að farið sé að dýraheilbrigðiskröfum Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1082/2003 og (EB) nr. 1505/2006. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2024, frá 12. júní 2024. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 35, frá 29. ágúst 2024, bls. 95.

Reglugerðin skal gilda með þeim aðlögunum sem fram koma í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2024.

2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a. laga nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 4. október 2024.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Emilia Madeleine Heenen.